

# DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

FEBRÚAR 2021

FRÍTT  
EINTAK



FÉLAG  
HEYRNARLAUSRA

VIRÐING  
SAMVINNA OG  
FRUMKVÆÐI





White Kitchens  
TENDENS



HTH á Íslandi í yfir 40 ár,  
þar af í 22 ár hjá Ormsson

- endurspeglar traust  
Íslendinga til merkisins

## NÚTÍMA LÍFSTÍLL GERIR KRÖFUR TIL HEIMILISINS

Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til heimilisins okkar. Komdu til okkar, lýstu óskum þínum og leyfðu okkur að teikna innréttingar sem henta þínu heimili.



Nordic Creations  
VH-7



Harmony Dark  
- baðherbergi

Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.



ormsson

Opnunartímar  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15



Formannspistill . . . . .	4	Döffgróði – hvað er nú það? . . . . .	12
Pistill framkvæmdastjóra . . . . .	5	Sveitakennarinn Selma Kaldalóns . . . . .	14
Arnþór málari Frá striga að meistaraverki . . . . .	6	Tilkynningahornið . . . . .	17
Betty skólastjóri Fyrsti heyrnarlaus skólastjórinn við heyrandi skóla í allri Evrópu . . . . .	8	Táknálsfræðinemar skrifa um rannsóknir sínar á ÍTM . . . . .	18
Benni rafvirki Liverpoolmaður sem er alltaf í stuði . . . . .	10	Barnahornið . . . . .	22
		Döffmót í máli og myndum . . . . .	24
		Táknálslundur vígður í Heiðmörk . . . . .	26

## Ritstjórapistill



Þórður Örn Kristjánsson  
Ritstjóri  
thok@hi.is

Nú er Döffblaðið komið í réttar hendur, þínar hendur! Ég vona að félagsmenn og aðrir njóti lestrarins. Þetta er blaðið okkar, sem reiðum okkur á táknmál til tjáskipta, hvort sem við erum alveg heyrnarlaus eða heyrnar-skert. Hefur ritstjóri reynt að blanda saman fræðsluefni og skemmtiefni með áherslu á viðtöl við döff einstaklinga. Vegna kórónuveirufaraldursins var minna um að vera hjá döff samfélaginu en venjan er. Þrátt fyrir

það tókst að halda ýmsa viðburði þegar samkomutakmarkanir leyfðu og þar hæst stórgott döffmót í sumar. Nýja árið boðar bjartari tíma og með því að halda í gildi félagsins, virðingu, samvinnu og frumkvæði mætum við félagsmenn enn sterkari til leiks.

Með táknálskveðju,  
Þórður Örn Kristjánsson



1. tölublað | 21. árgangur  
ISSN 1670 - 5013

**Útgefandi**  
Félag heyrnarlausra

**Skrifstofa**  
Þverholt 14  
105 Reykjavík  
Sími: 561-3560  
deaf@deaf.is  
www.deaf.is

**Ritstjóri**  
Þórður Örn Kristjánsson  
thok@hi.is

Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta og breyta innsendum bréfum og greinum í blaðið ef þörf þykir. Skoðanir einstakra höfundu eru ekki endilega skoðanir félagsins eða ritstjóra.

**Framkvæmdastjóri**  
Daði Hreinsson  
dadi@deaf.is

**Ábyrgðarmaður**  
Heiðís Dögg Eiríksdóttir  
heidis@deaf.is

**Auglýsingastjóri**  
Daði Hreinsson  
dadi@deaf.is

**Ljósmynd á forsíðu**  
Daniel Bjarnar  
í sumarsól á vestfjörðum.

**Ljósmyndir**  
Þórður Örn Kristjánsson  
og aðrar aðsendar myndir.

**Aðsendar myndir og greinar**  
doffbladid@deaf.is

**Prófarkalestur**  
Vala Gísladóttir

**Umbrot og prentvinnsla**  
LITRÓF  
Umhverfissvottuð prentsmiðja  
Vatnagarðar 14  
104 Reykjavík  
Sími: 563 6000

Fyrirspurnir um  
heimsendingu blaðsins  
doffbladid@deaf.is

**Upplag**  
800 eintök



Fylgist með okkur  
@deaf.is



Fylgist með okkur  
facebook.com/felagheyrnarlausra

# Formannspistill



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir  
Formaður  
heiddis@deaf.is

Árið 2020 var mörgum erfitt ár út af vágesti sem hefur haft áhrif á allt og alla, og ekki slapp félagið frekar en aðrir en samt stöndum við sterk enn. Núna á árinu fara fram sveitarstjórnarkosningar og fyrir okkur sem vinnum með baráttu- og hagsmunamál eru það ákveðin kaflaskipti. Við höfum síðastliðin tvö ár fengið tækifæri til að vinna í friði með mörg málefni sem við áður áttum erfitt með vegna tíðra stjórnar- og ráðherraskipta. Stjórn félagsins hefur lagt meiri þunga í þrjú málefni sem brenna á okkur og við viljum geta klárað í vor áður en Alþingi fer í sumarfrí og flokkarnir í kosningaham.

Sem helstu málefni má nefna túlkun í atvinnulífi en stjórn ákvað í samvinnu við félagsmann að senda kæru á kærunefnd jafnréttismála vegna félagsmanns sem hafði sótt um vinnu og hafði góð meðmæli, allt þar til atvinnurekanda varð ljóst að umsækjandi ætlaði að taka táknaðstúlk með í viðtal þá var öllu aflýst og komst viðkomandi ekki lengra. Til samanburðar þá kom mál upp í Svíþjóð nýverið þar sem döff sótti um lektorsstöðu sem auglýst var, og af umsóknum var hann metinn hæfastur, en þegar atvinnurekanda varð ljóst að túlkakostnaðurinn myndi leggjast á hann fékk þessi maður höfnun á þeim forsendum að atvinnurekandinn gæti ekki borið kostnaðinn. Þetta mál fór inn á borð til Mannréttindadómstóls í Evrópu síðastliðið haust var úrskurðað honum í vil. Sænska ríkinu ber nú skylda að gera úrbætur í réttindamálum með túlkun í atvinnulífi og tryggja jafnrétti þeirra hvort sem einstaklingur notar sænskt táknað eða sænsku. Hér erum við í sömu baráttu, á Íslandi er ekkert í lögum sem tryggir að þeir sem tala íslenskt táknað fái tækifæri á atvinnu með túlkun í atvinnulífinu.

Annað málefni sem brennur á félaginu er fjarskiptatúlkun og myndsiámatúlkun. Mikil aukning hefur verið á notkun þessarar þjónustu en félagið hefur staðið í stríði við stjórnvöld að tryggja þessa þjónustu og efla frekar. Baráttan hefur staðið jafnt

og þétt frá árinu 2016 við Póst- og fjarskiptastofnun, úrskurðarnefnd kærumála, Samgönguráðuneytið og nú við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þrisvar sinnum hefur frumvarp til laga um fjarskipti verið til umræðu og félagið hefur óskað eftir því að alþjónustuhugtakið í löggjöf og reglugerðum um fjarskipti verði rýmkað til að tryggja samsvarandi aðgengi döff neytenda að fjarskiptaþjónustu. Frumvarpið tekur því miður ekkert tillit til þeirra athugasemda sem félagið hefur komið á framfæri. Með frumvarpinu til laga um fjarskipti er lagt til að innleidd verði ákvæði tilskipunar ESB um rétt til alþjónustu en búið er að fella út þá skilgreiningu. Félagið er búið að benda á að í tilskipun ESB má finna skilgreiningu á „total conversation services“ og „relay services“ og er aðildarríkjum gerð skylda að viðeigandi stuðningur sé tryggður og beri að grípa til ráðstafana og þjónustu til að tryggja þetta til dæmis í formi myndsiámatúlkapjónustu. Að mati félagsins eru þessi réttindi ekki tryggð í núgildandi löggjöf og reglugerðum um fjarskipti og hefur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála staðfest það. Félagið vinnur enn með málið og vonast til að fá meðbyr í þeirra baráttu til að tryggja þessa þjónustu.

Síðast er það textun á innlendu sjónvarpsefni, víða er pottur brotinn í þeim málum og sagði núverandi mennta- og menningarmálaráðherra í tilefni að degi íslenska táknaðsins 2020 að gera þyrfti úrbætur á því og í lok ársins var nýr þjónustusamningur undirritaður við RÚV en hvergi er að sjá úrbætur í aðgengi að innlendu sjónvarpsefni. Félagið vonar að árið 2021 geri Íslendingum og öðrum er þurfa á textun að halda möguleika á að njóta aðgengis á innlendu sjónvarpsefni með íslenskum texta, í rauntíma og í spilaranum og vonandi líka í myndlyklum frá helstu símafyrirtækjum landsins.

Virðingarfyllt  
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

# Pistill framkvæmdastjóra



Daði Hreinsson  
framkvæmdastjóri  
dadi@deaf.is

Gleðilegt árið gott fólk! Þetta sagði ég líka í síðasta Döfblaði og horfði spenntur fram á 60 ára afmælisár Félags heyrnarlausra. Stjórn og verkefnastjórn afmælishátíðarinnar setti upp frábæra og vel heppnaða afmælisdagskrá sem haldin var í Gamla bíói og var þemað 60"/sixties, í anda þess tíma þegar döff félagar og aðstandendur þeirra stofnuðu félagið árið 1960. Það var ekki nema mánuði eftir afmælið þegar COVID-19 skall á heimsbyggðina með þeim þunga sem við þekkjum og búum enn við. Þessi faraldur hefur haft neikvæð áhrif á starfsemi Félags heyrnarlausra eins og öll félög, stofnanir og fyrirtæki um allan heim. Félagslífið og samskipti fólks á milli hafa horfið eða færst yfir í rafræn samskipti og sakna ég þess mikið að fá ekki að hitta mitt fólk, sérstaklega í föstudagskaffinu. Aftur á móti höfum við á skrifstofunni tryggt alla þjónustu sem félagsmenn okkar hafa þurft að sækjast eftir er snýr að atvinnumálum og félagslegri aðstoð. Heiðdís formaður okkar hefur verið mjög ötul og drífandi í réttindabaráttunni með Karólínu Finnbjörnsdóttur, lögmanni okkar þannig að það er

engin lognmolla þó veiruskrattinn sé að stríða okkur. Fjárhagurinn hefur verið erfiðari en áður þar sem happdrættissalan náði ekki að fjóta sökum samkomubanns en þó reyndum við allt hvað við gátum og vil ég hrósa happdrættissölu-fólki okkar fyrir vel unnin störf á erfiðum tímum. Við hjá Félagi heyrnarlausra reynum að tileinka og aðlaga okkur að breyttum tímum og hefur stjórn og starfslið notað í auknum mæli zoom eða netfundi og veit ég að erlend samskipti stjórnarmanna hafa farið í gegnum slíka tækni. Þá ákváðum við að koma heim til fólksins með skemmtidagskrá fyrir jólin sem heppnaðist gríðarlega vel og get ég lofað að þetta er ekki í síðasta skipti sem við heimsækjum ykkur, sérstaklega á meðan COVID19 ástandið varir. Eins og við sögðum í jólakveðju til ykkar, við höldum ærlegt partý þegar við höfum sigrast á faraldrinum og við þraukum þangað til, enda styttist mjög í sigur á veiruskrattanum.

Kveðja,  
Daði Hreinsson framkvæmdastjóri



Þinar þarfir - okkar þjónusta







# Arnpór Hreinsson málarí

## Frá striga að meistaraverki

— Höfundur: Þórður Örn Kristjánsson. Ljósmyndir: Arnpór Hreinsson og Þórður Örn Kristjánsson —

Arnpór Hreinsson, eða Addi eins og hann er kallaður, er mikill listamaður og liggja eftir hann mörg falleg málverk sem hann hefur málað í gegnum tíðina. Ritstjóri fékk að fylgjast með framvindu málverks sem Addi málaði haustið 2020 og tók nokkra mánuði. Eins og Addi sagði sjálfur: „Meistarinn málar ekki hratt, heldur á sínum hraða“. Síung Reykjavíkurmær fékk málverkið að lokum í 40 ára afmælisgjöf sem mun prýða veggri heimilisins um ókomna tíð. Myndasýrpan sýnir verk frá striga að málverki en fyrst vildum við vita nánari deili á listamanninum og hvaðan sköpunarkrafturinn kemur.

### **Hvenær byrjaðir þú að mála Addi?**

Ég var 8 ára gamall þegar ég byrjaði að mála.

### **Hver kenndi þér að mála?**

Ég sjálfur en fór svo á námskeið þegar ég var 10 ára í Ásmundarsal.

### **Hvaðan færðu hugmyndir að verkum þínum?**

Já það er góð spurning! Flókið svar hvenær listin rennur upp. Mest úr umhverfinu en svo er þetta meðfætt. Ég er alltaf með hugmyndir.

Við þökkum Adda fyrir að leyfa okkur að fylgjast með listamanninum að störfum og spjallið. Hægt er að skoða málverk hjá Adda eða panta málverk eftir hann með því að hafa samband í gegnum facebook Arnthor Hreinsson.







# Fyrsti heyrnarlausni skólastjórinn við heyrandi skóla í allri Evrópu

— Höfundur: Þórður Örn Kristjánsson. Ljósmyndir: Hjördís Anna Haraldsdóttir —

Nú á haustdögum 2020 var brotið blað í sögu grunnskóla landsins þegar fyrsti heyrnarlausni skólastjórinn tók við grunnskóla þar sem flestir nemendur og kennarar eru heyrandi. Hún Berglind Stefánsdóttir, eða Bettý eins og hún er kölluð, hefur komið víða við á sínum starfsferli og var m.a. ráðinn skólastjóri Vesturhlíðarskóla og starfaði einnig sem rektor í lýðháskóla í Ål í Noregi. Okkur í Döffblaðinu langaði að vita meira um Bettý og hennar starf í Hlíðaskóla.

*Segðu okkur Bettý, hvernig fara samskipti fram milli döff skólastjóra og heyrandi kennara? Hafa þau gengið vel?*  
Samskipti mín við heyrandi ganga ljómandi vel, ýmist með túlki, lesa af vörum eða skriflega. Það eru allir mjög jákvæðir.

*Þú notar sem sagt blöndu af varalestri, rituðu máli og táknmálstúlkun við vinnu. Hvernig hafa samskipti við nemendur í skólanum gengið þetta fyrsta starfsár?*  
Samskipti mín við heyrandi nemendur ganga líka afskaplega vel og þar nota ég sömu leiðir og við heyrandi starfsfólk og það er virkilega skemmtilegt að sjá hvað margir bjóða góðan daginn á táknmáli.

*Það er skemmtilegt hvað táknmálið er fljótt að breiðast út til nemenda. Hvað eru margir döff nemar og hversu margir heyrandi í Hlíðaskóla?*

Já, nemendur fá táknmálskennslu frá 1. til 7. bekk og á unglingastigi er það val svo flestir kunna grunntáknin en annars eru 543 nemendur í Hlíðaskóla og af þeim eru 13 skráðir á táknmálssvið.

*Breytast áherslur í skólastarfinu með döff skólastjóra?*

Ég lít ekki á mig sem döff skólastjóra. Ég er ráðin skólastjóri Hlíðaskóla vegna reynslu minnar. Í skólanum starfar góður hópur fólks og hér eru skemmtilegar hefðir, mitt hlutverk, eins og annarra nýrra stjórnenda, er að skoða hvernig ég get gert gott skólastarf enn betra.






Nýr skólastjóri Hlíðaskóla.

*Pú ert náttúrulega reynslumikil á þessu sviði og varst áður skólastjóri Vesturhlíðarskóla. Er mikill munur að vera skólastjóri með eingöngu döff nemendum og í Hlíðaskóla þar sem flestir nemar og kennarar eru heyrandi?*

Að vera skólastjóri í stórum, fjölmönnum, skóla eða litlum, fámönnum sérskóla er að sjálfsgöðu ólíkt. En hvað samskipti við starfsfólk varðar er ekki mikill munur þar sem starfsfólk Vesturhlíðarskóla var ekki allt táknmálstalandi.

*COVID19 hefur raskað talsvert kennsluháttum í skólum landsins, hefur það breytt miklu fyrir þitt fyrsta starfsár sem skólastjóri?* COVID19 hefur að sjálfsgöðu haft mikil áhrif á skólastarf. Ég kem til Íslands eftir langa búsetu og störf erlendis og hafði hug á að kynnast starfsfólki og nemendum. En þar sem skólinn hefur tekið



Kennarafundur á stafrænu formi. Táknmálstúlkur radduílka á íslensku og á táknmáli. Opinberleg stefna Hlíðaskóla er að bæði tungumál séu jafnréttá.

af alvöru samfélagslega ábyrgð hefur skólastarfið ekki boðið upp á nánd, þar sem starfsemin hefur verið hólfuð. Í skólanum starfar gott teymi svo að skólastarfið hefur gengið afar vel.

*Eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?*

Ég er afar ánægð með að vera flutt aftur til Íslands og hlakka til að vinna með metnaðarfullu starfsfólki Hlíðaskóla á komandi árum.

Það verður spennandi að fylgjast með áframhaldandi starfi Bettýjar. Við þökkum henni kærlega fyrir að gefa sér tíma í svolítið spjall og óskum henni velfarnaðar í þessu ábyrgðarfulla starfi.



# Benni rafvirkjameistari

## Liverpoolmaður sem er alltaf í stuði

— Höfundur: Þórður Örn Kristjánsson. Ljósmyndir: Bernharð Guðmundsson —



Benni að styðja íslenska landsliðið.

Bernharð Guðmundsson (Benni) er fæddur 13. október árið 1968 og er því einn af hinni svokölluðu „68-kynslóð“ Döffara en það árið fæddust óvenju mörg heyrnarlaus börn á Íslandi vegna faraldurs rauðra hunda. Benni er eini döff í sinni fjölskyldu en á bæði eldri og yngri systur. Haustið 2019 gerði Benni sér lífið fyrir og kláraði meistaranám í rafvirkjun sem er mikið afrek. Okkur í Döffblaðinu langaði að heyra í Benna og forvitnast um námið og vinnu hans sem rafvirkja.

### *Hvernig hefur þín skólaganga verið hingað til Benni?*

Ég fór í Heyrnleysingjaskólann 4 ára gamall haustið 1972 og var þar alveg til 18 ára aldurs. Ég útskrifaðist svo úr lðnskólanum í Reykjavík, rafvirkjabraut, sem rafvirkjanemi árið 1990 og tók sveinsprófið í rafvirkjun. Þá fékk ég starfsheitið rafvirki. Meistaránámið fór ég í veturinn 2004 til 2005 í lðnskólanum í Reykjavík (Tækniskólinn í Reykjavík) og fór síðan í langt hlé þar sem ég fór að vinna hjá Orkuvirki og var þar til 2018, hóf þá aftur nám í meistaraskólanum (Rafmennt).

### *Hvað heitir námið sem þú kláraðir nú á dögnum og hvaðan?*

Námið sem ég var að klára heitir meistaránám rafvirkja og er fyrri hluti þess bóklegt nám, íslenska, reikningur, verslunarréttur og fleira í þeim dúr. Þessi hluti er kenndur í Tækniskólanum í Reykjavík. En seinni hlutinn er haldinn í fagnámskeiðisformi, mig minnir að ég hafi þurft að klára 13 til 15 námskeið en mislönng, flest voru samt 40 stunda námskeið. Þessi námskeið voru kennd í Rafmennt.

### *Hvernig fer þess konar nám fram og hvað tekur það langan tíma?*

Í Tækniskólanum var þetta í annarformi, tókst ákveðin fög á önninni, en ég kláraði Tækniskólann á tveimur önnum. Í Rafmennt var námið kennt í námskeiðaformi en menntunin þar snerist að öllu leyti um fagið, til dæmis brunavarnarkerfi, reglugerðir um raforkuvirki, iðntölvur og sitthvað fleira.



**Notaðir þú túlk við námið? Ef svo er tákn- máls- eða rittúlk og hvernig gekk það?**

Já, ég notaði táknmálsúlk og það gekk vel, þurfti samt kenna ný tákn sem sneru að fagheitum í faginu, bara gaman því 😊

**Hvar vinnur þú núna Benni og hvað gerir þú í vinnunni?**

Ég vinn hjá Veitum dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Mitt aðalstarf þar er að greina og mæla út bilanir í strengjum, sóna út strengi sem felst í að finna út legu þeirra í jörð.

**Þetta hljómar flókið! Ef döff vilja læra rafvirkjun, hvert ættu þau að snúa sér?**

Ef döff vill læra rafvirkjun, þá eru tveir skólar sem að kenna fagið en þeir eru Tækniskólinn í Reykjavík og Fjölbrotaskólinn í Breiðholti. Það er samt meiri reynsla í Tækniskólanum af táknmálsúlkun þar sem Iðnskólinn í Reykjavík sameinaðist Tækniskólanum í Reykjavík.

**Ertu með góð ráð fyrir döff sem vilja læra rafvirkjun?**

Rafvirkjastarfið er mjög fljölbreytt vinna, en mitt besta ráð til döff sem vill læra rafvirkjun er að hafa áhuga, vera jákvæður, duglegur og skipulagður.

**Nú veit ég að þú ert eldheitur stuðningsmaður Liverpool sem varð loksins enskur meistari 2020. Hversu mikil áhrif hafði það á þig?**

Sem eldheitur stuðningsmaður Liverpool er ég hrikalega ánægður að hafa loksins náð í



Vinnuumhverfi rafvirkjameistarans.



Nóg af hlutum sem þarf að kunna deili á.

hið heilaga gral sem Englandsmeistaratitillinn er en auðvitað hefur klúbburinn gefið manni margar ánægjustundir þessi 30 ár sem hann náði ekki að vera Englandsmeistari. Unnið á meðan stóra titla, til dæmis meistaradeild Evrópu sem er sá helsti í heiminum.

**Hvar og með hverjum horfðir þú á úrslitaleikinn Benni?**

Ég var á Spot sportbar í Kópavoginum ásamt Jóel og Stefáni döff vinum mínum. Það var ljúft að horfa á og sjá Liverpool taka á móti og lyfta upp bikarnum!

**Fylgist þú með fleiri íþróttum en fótbolta?**

Þar sem ég stundaði handboltann í mörg ár með döff, fylgist ég líka með honum ennþá enda er handboltinn þjóðariþrótt okkar Íslendinga. Auðvitað fylgist ég líka með fótboltaum hér en mitt lið er Fram en það lið er núna í næstefstu deild en vonandi fer að koma að því að liðið fari upp.

**Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til lesenda að lokum?**

Vil bara segja að með jákvæðnina að leiðarljósi gerist margt flott.

Við í Döffblaðinu getum tekið undir þau orð, jákvæðni kemur fólki langt! Þökkum Benni fyrir gott spjall og óskum honum enn og aftur til hamingju með frábæran árangur á sínu sérsviði. Við hvetjum jafnframt áhugasama döff að kynna sér rafvirkjanámið, það er stuð.



# Döff gróði

## Hvað er nú það?

— Höfundur og ljósmyndir: Haukur Darri Vilhjálmsson —

Allflestir döff hafa upplifað einhvers konar fordóma frá heyrandi fólki sem lítur á heyrnarleysi og sér eitthvað að sem þarf að laga eða sem missi eins og t.d. fötlun eða tengir heyrnarleysi við greindarskerðingu. Ýmis orð hafa verið notuð í gegnum tíðina til að lýsa heyrnarleysi á neikvæðan hátt eins og „mállaus“, „heyrnarsljór“, „daufdumbur“ og fleira. Sem barn heyrnarlausra foreldra hef ég alist upp við þetta viðhorf frá samfélagi heyrandi og tekið eftir að þau líta á heyrnarleysi sem einhvers konar veikindi eða missi. Ég hef hins vegar alltaf vitað að þetta var ekki upplifun foreldra minna né döff vina minna og finnst ég vera heppinn að eiga svo marga döff vini og fjölskyldu. Í gegnum þau og frá þeim fór ég að sjá hlutina frá þeirra sjónarhóli og hef gert æ síðan.

### Læknisfræðilega viðhorfið

Fyrir foreldrum mínum þá var heyrnarleysið aldrei neikvætt, heldur þvert á móti heyrði ég oft frá þeim að þau myndu ekki vilja missa heyrnarleysið ef þau myndu fá val um að öðlast heyrn. Með árunum hef ég lært að þessi lýsing á heyrnarleysi sem fötlun er bara eitt af mörgum neikvæðum sjónarmiðum sem koma frá heyrandi fólki sem ímyndar sér að vera heyrnarlaus og fær þannig ákveðnar hugmyndir um að þetta þurfi að laga. Þessi lýsing á heyrnarleysi sem galla eða fötlun er betur þekkt í alþjóða döff fræðasamfélaginu sem „læknisfræðilega viðhorfið“.

### Menningarlega viðhorfið

Meirihluti döff einstaklinga upplifa sig ekki sem fötluð, veik eða gölluð. Þau eru stolt af að vera döff og að eiga og búa í fjölmenningu þar sem þau eru tvítyngd og eiga sína eigin menningu ásamt menningu þess lands sem þau fæðast í. Sú lýsing á heyrnarleysi er kölluð döfferni og þekkest sem „menningarlega viðhorfið“.

### Döff gróði

Hugtakið döff gróði spratt upp þegar breski



Haukur Darri Vilhjálmsson

listamaðurinn Aaron Williamsson kynnti þetta nýja hugtak. Hann hafði farið til ótal marga heyrnarsfræðinga og lækna sem allir sögðu við hann „þú ert að missa heyrnina“, hann spurði sig þá af hverju honum var aldrei sagt að hann væri að græða heyrnarleysið sitt? Þessi spurning kann að hljóma furðulega fyrir suma en spurningin varð til þess að hugtakið „Döff Gróði“ festist í sessi og fór að breiðast út. Döff gróði er einfaldlega speglun á orðunum „heyrnar tap“, í stað þess að líta á heyrnarleysi sem tap á heyrn þá er hægt að sjá það frá öðru sjónarmiði – að þú græðir á því að vera döff. En hvað meinum við með því?

Við sem erum svo heppin að kunna táknmál vitum hvað það getur verið hentugt í hinum ýmsu aðstæðum. Við getum átt í samræðum þegar við köfum í vatni, í gegnum þykkt gler, á háværum skemmtistað, með fullan munninn, þegar börnin eru sofandi og í fleiri tilfellum þar sem röddin dugur ekki til að eiga áreynslalaus samskipti. Við hlustum öðruvísi, með augunum.

### Döff hlusta með augunum

Döff taugasálfræðingurinn Peter Hauser hefur rannsakað muninn á virkni heilans bæði hjá döff og heyrandi fólki. Hann komst að því að það er ýmislegt sem döff græða á því að heyra ekki. Rannsóknir hans sýndu til dæmis að döff eiga auðveldara með að

greina andlitsdrætti. Nánar tiltekið þegar við tölum táknmál þá höldum við augnsambandi og horfum á viðmælandann allan tímann, meðan heyrandi fólk getur átt í samskiptum án þess að líta á viðmælandann þá tapa þau því að sjá andlitsdrætti annarra. Döff verða að horfa á þann sem þau tala við og vegna þess að öll samskipti krefjast augnsambands þá hafa döff þjálfað upp gríðarlega hæfileika og reynslu í að skilja og lesa tilfinningar út frá andlitsdráttum og líkamsstöðu hins aðilans. Með því að hlusta með augunum lærum við að skilja svipbrigði með meiri nákvæmni og græða á þessu samskiptamunstri. Kostirnir eru ekki bara þetta, þeir eru einmitt miklu fleiri. Ég ætla að telja upp nokkur dæmi sem sýna hvað heyrnarleysi getur verið gott. Ekki bara fyrir einstaklinga heldur líka samfélagið í heild sinni. Döff eiga oft auðveldara með að taka eftir öllum hreyfingum og því sem gerist í kringum þau. Ástæðan fyrir því er sú að vöðvarnir í kringum augun eru í stöðugri þjálfun og hafa því styrkst við mikla notkun enda leggja döff allt sitt traust á augun og að sjá. Dæmi um betri sýn er t.d. sú að jaðarsjónin er mjög næm og víðari en hjá heyrandi, þannig að döff eru því snögg að taka eftir öllu sem er að gerast í umhverfinu.

### Döff gróði að störfum

Í borginni Oaxaca í Mexíkó uppgötvaði lögreglan þennan hæfileika döff fólks og ákvað að nýta döff í starfi því þau sáu betur en starfsfólk sem heyrði. Ríkisstjórn Oaxaca í Mexíkó hafði miklar áhyggjur af vaxandi glæpatíðni í borginni og varð að finna lausn sem fyrst. Fyrst fengu þau þá hugmynd að ráða döff í vinnu því þau gætu auðveldlega lesið af vörum en fljótlega tóku yfirmennirnir eftir að döff starfsfólkkið bjó yfir miklu meiri hæfni til að skilja og góma þjófa með þeirri reynslu döff að skynja líkamshegðun þjófa. Nú starfar fjöldi döff við að fylgjast með öryggismyndavélum því það reyndist líka mikill kostur meðal döff að eiga auðvelt með að fylgjast með mörgum skjám samtímis. Næm jaðarsjón döff gerði þau að hæfari starfskröftum en heyrandi. Með döff lögreglumenn við skjáinn náði borgin loksins að minnka glæpatíðnina. Yfirvöld



borgarinnar töldu átakið vera gífurlega árangursríkt og segja má að þessi döff gróði hafi skilað sér því að í framhaldi voru fleiri döff ráðnir í öðrum borgum til að nýta hæfni og eiginleika þeirra til starfa.



### Döff gróði í listaheiminum

Skemmtilegt dæmi um döff gróða má líka finna í listaheiminum. Hinn frægi Charlie Chaplin, sem alltaf var þekktur fyrir sínar miklu kúnstir að geta gert sig skiljanlegan í gegnum látbrögð og látbrigði þegar svarthvítu þöglu bímyndirnar voru gerðar, átti döff vin sem hét Granville Redmond. Hann kenndi honum ýmislegt um leiklist og tjáningu. Chaplin var mjög hrifinn af málverkum hans Redmonds og leit á hann sem mikinn listamann. Redmond var fenginn til að leika í 7 af myndum Chaplins meðal annars „City Lights“ og „Three Musketeers“. Einu sinni sagði Chaplin að hann teldi að þögnin sem Redmond byggði við hefði veitt honum meiri ánægju heldur en það sem aðrir upplifðu. Ég sem heyrandi einstaklingur sem hefur þurft að vinna á næturvöktum yfir sumartíma hef persónulega reynslu af hávaða sem truflun og upplifi heyrnina mína sem fötlun þegar ég þarf að sofa á daginn á sama tíma og allir eru að slá grasið og lemja nagla með hamri í nýja pallinn sinn. Tími þöglu myndanna er nú liðinn hjá en þau áhrif sem döff höfðu á upphaf kvikmyndasögunnar með látbrigðum eru enn áberandi í dag. Sjónræn hugsun og tjáning líkamans eru minnisvarði um döff gróða í dag. Döff gróði snýst samt ekki bara um það sem döff einstaklingar færa til heyrandi fólks. Döff gróði er svo ótal margt og hefur áhrif á svo fjölbreytt svið og þökk sé tilvist döff sem gera það að verkum að rannsóknarmöguleikarnir eru enn fleiri. Meðal annars er hægt að segja frá hvernig döff gróði barst til NASA.

### Döff gróði í geimnum

Á fimmta áratugnum vildi NASA, geimferðastofnun Bandaríkjanna, rannsaka hreyfivæði til að kanna hvaða áhrif mikil hreyfing hefði á líkamann í undirbúningi

geimfara fyrir fyrstu mönnum geimferðirnar. Í samvinnu við Gallaudet háskóla voru 11 döff menn fengnir til að taka þátt í rannsókni NASA en allir nema einn voru döff vegna heilahimnubólgu sem er sérstakt að því leyti að aukaafleiðingar af heilahimnubólgu eru oft þannig að viðkomandi finnur ekki fyrir hreyfivæði.



Ýmsar rannsóknir voru framkvæmdar til að reyna á jafnvæggisskynið og aðlögun líkamans við fjölbreytilegar aðstæður. Nokkrir menn bjuggu í stórri skilvindu í 12 daga sem var á stanslausri hreyfingu, herbergið fór 10 hringi á mínutu, önnur rannsókn var framkvæmd í flugvél í frjálsum falli sem skapaði eins konar þyngdarleysi. Svo var enn ein rannsóknin framkvæmd á ferju sem hossaðist til og frá í stórum öldum. Í ferjunni urðu rannsakendur svo veikir af ölduganginum að þeir þurftu að hætta rannsókninni en döff þátttakendur sögðu upplifunina skemmtilega. Þær upplýsingar sem rannsakendur fengu frá döff hafa verið ómetanlegar fyrir vísindasamfélagið.

### Döff gróði í íþróttum

Gróðinn er alls staðar í samfélaginu. Hann finnst í vísindum, í listinni, og líka íþróttum. Eitt þekktasta dæmið um döff gróða í íþróttum er af döff hafnaboltamanninum William Elsworth Hoy. Hann breytti íþróttinni seint á 18. öld með því að kynna merkin sem allir leikmennirnir nota í íþróttinni í dag. Hann setti mörg met á sínum tíma og er einn af aðeins 29 leikmönnum sem hefur leikið í fjórum mismunandi meistaradeildum. Hoy breytti því hvernig samskiptum var háttað á leikvöllinum en merkin sem eru notuð eru talin vera sjálfsgöður hluti af íþróttinni í dag.



Önnur saga af döff gróða kemur frá unglingahópi svissneska snjóþrettalandsliðsins þegar þau voru í miklum erfiðleikum við að næla sér verðlaun. Til að breyta þessu var döff þjálfari fenginn til að fylgjast með hvernig kapparnir notuðu skynfærin. Hann tók eftir að liðið reiddi sig allt of mikið á hljóð til að vita hvenær átti að taka snöggar beygjur og stoppa. Nýi döff þjálfarinn breytti æfingaaðferðum þeirra og lét þau æfa með eyrnatappa á brettunum. Markmið hans var að fá íþróttamennina til að þjálfra upp tilfinningu líkamans á brettinu og það varð til þess að kapparnir fóru að treysta betur á hin skilningarvitin. Niðurstaðan varð sú að liðið fór að raka inn verðlaunum á Ólympíuleikum sem og annars staðar. Döff viðhorf og þekking og reynsla hafa þannig gagnast heyrandi fólki með margvíslegum hætti.

### Döff gróði finnst víða

Það eru til ótal fleiri dæmi um döff gróða sem ég get ómögulega komið að í svona stuttri grein. Hægt væri að nefna döff uppfinningamenn á borð við Vint Cerf, sem er talinn vera forfaðir internetsins, eða Wladislav Zeitlin, döff mann sem fann út hvernig það er hægt að breyta útvarpsbylgjum í sjónrænar upplýsingar, sem við sjáum alls staðar í dag í formi sjónvarps, snjallsíma, og tölvuskjáa. En markmiðið mitt með þessum orðum hefur verið að sýna fram á jákvæðu hliðar döffernis og opna fyrir umræðu um döff gróða og hvað hann getur verið margvíslegur. Það er ekki sanngjarnt að líta á heyrnarleysi bara sem tap þegar það er svo ótrúlega margt sem döff græða á því að heyra ekki og það sem samfélagið stórgræðir af viðhorfi döff. Til að vitna í bókina um döff gróða þá er ekki sagt að það sé endilega betra að vera döff heldur en heyrandi, heldur meinum við að það sé ekki endilega betra að vera heyrandi heldur en döff!



# Sveitakennarinn Selma Kaldalóns

— Höfundur: Þórður Örn Kristjánsson. Ljósmyndir: Selma Kaldalóns —

Hún Selma Kaldalóns er fædd árið 1979 á Ísafirði og greindist snemma með heyrnarskerðingu. Selma hefur verið í döfðsamfélaginu síðan fjölskyldan flutti til Reykjavíkur þegar hún var á grunnskólaaldri. Selma fékk kuðungsígræðslu árið 2019 sem hjálpaði henni að heyra betur og hefur hún verið kennari í hinum ýmsu skólum á landsbyggðinni þar sem hún hefur nýtt sér táknmál, varalestur og nú síðast kuðungsígræðsluna til samskipta. Okkur í Döfðblaðinu lék forvitni á að vita hennar sögu og hvernig það sé að vera heyrnarskertur döffari.

*Hvernig hefur þín skólaganga verið Selma eftir að þú fluttir frá Ísafirði til Reykjavíkur?*

Alla mína skólagöngu hef ég verið í almennum skóla, líka eftir að við fluttum suður til að geta fengið betri þjónustu fyrir mig vegna minnar heyrnarskerðingar. Ráðgjafabjónustan var starfandi á þessum tíma, sem fylgdist með heyrnarskertum börnum í almennum skóla, kallaði þau inn í mat og gaf ráð til foreldra og kennara eftir þörfum. Þannig var það sem ég kynntist fyrst heyrnarlausum jafnöldrum mínum í Heyrnleysingjaskólanum, þegar ég fór þangað í eina viku á skólaári. Svo þegar ég var 10-11 ára þá fór ég í Vesturhlíð einu sinni í viku, alltaf á miðvikudögum, man ég.

*Þú hefur þá verið lengi í táknmálsum-hverfinu en þó einnig í almennum skóla. Varst þú þá táknmálstalandi?*

Já, ég kláraði Hagaskóla 1995 og hóf nám í MH um haustið. Þarna var ég orðin mjög áhugasöm um táknmálið. Á öðru ári mínu kynntist ég heyrnarlausu krökkunum sem ég hafði misst samband við og varð ég hluti af 79 hóp. Ég var lengi í MH því ég eignaðist tvö börn, þau Hrefnu Maríu 1998 og Ara 1999 en þau eru Hilmarsbörn. Ég útskrifaðist fyrir rest og fór í Kennaraháskólann eftir árshlé frá skóla. Árið 2008 brautskráðist ég úr KHÍ með B.ed. gráðu sem grunnskólakennari. Ég eignaðist svo soninn Loga Kaldalóns 2009 með eiginmanni mínum, Birni Axel Guðbjörns-

syni. Sumarið 2011 flutti ég með eiginmann og börn til Noregs, þar sem ég hóf meistaranám við Oslóarháskóla, sem ég því miður kláraði ekki. En ég varð reynslunni ríkari og eignaðist góða vini sem ég held enn sambandi við. Loks eignuðumst við Hörpu Kaldalóns árið 2012.

*Það hefur sko verið nóg að gera hjá þér í námi og barneignum! Eftir að þið fluttuð aftur til Íslands byrjaðir þú að kenna á landsbyggðinni. Geturðu sagt okkur aðeins frá þínum kennaraferli?*

Ég byrjaði fyrst að vinna í Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík þar sem ég var með ungling í umsjónarkennslu. Í Noregi vann ég í afleysingum á döfð leikskóla fyrir heyrnar-





Selma Kaldalóns ásamt börnum og eiginmanni á góðri stundu.

laus börn á Oslóarsvæðinu. Það var mjög skemmtilegt. Þegar ég flutti heim til Íslands 2015 þá fékk ég vinnu sem stuðningsfulltrúi á Táknmálssviði í Hlíðaskóla. Það var svo í nóvember 2016 að ég var ráðin sem kennari í Finnbogastaðaskóla í Árneshreppi og varð svo skólastjóri í mars. Mér bauðst áframhaldandi staða sem skólastjóri en ég vildi flytja í stærra samfélag og fékk vinnu sem umsjónarkennari í Þjórsárskóla haustið 2017. Skólinn er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í uppsveitum Árnessýslu og núna er fjórða starfsárið mitt í skólanum.

Þetta eru mjög ólíkir skólar.

Já, þessir tveir skólar voru mjög ólíkir. Finnbogastaðaskóli er minnsti skóli landsins, var bara með 5 nemendur og fjóra starfsmenn, sem voru skólastjórinn, ég, matráðurinn og íþróttakennarinn. Það var enginn leikskóli í hreppnum, svo 5 ára stelpa fékk að velja hvort hún vildi vera með okkur í skólanum eða skottast með pabba sínum, matráðinum. Skólinn var eins og lítið og náði fjölskyldusamfélag. Þjórsárskóli er töluvert stærri, þó að hann sé ekki stór á landsvísi, með 48 nemendur og kringum 10 starfsmenn.

*Er mikill munur á að kenna í Finnbogastaðaskóla og Þjórsárskóla?*

Já, heilmikill munur. Sameiginlegt: Báðir



Selma á sínum vinnustað.

eru sveitaskólar með tengsl við nærsamfélagið. Ólíkt: Finnbogastaðaskóli var mjög einangraður skóli og virkt samstarf við aðra skóla var ekki endilega í boði nema í upphafi og lok skólaárs. Þjórsárskóli er í miklu samstarfi við Flúðaskóla, en þangað fara nemendur okkar eftir 7. bekk.

*Hvað finnst þér það besta við að búa í sveitinni?*

Þegar við fluttum heim frá Noregi, þá fannst okkur stressið mikið í Reykjavík og

vorum strax ákveðin að búa ekki þar. Svo þegar ég sá auglýsinguna um kennarastöðu í Árneshreppi þá hugsaði ég með mér að þetta væri gott tækifæri til að prófa að búa úti á landi. Við vorum nefnilega ekki alveg viss hvort við gætum flutt langt frá höfuðborgarsvæðinu. En við komumst að því að landsbyggðarlífið átti vel við okkur, en sáum samt ekki fyrir okkur Árneshrepp sem framtíðarbúsetu með börnin. Það ríkti mikil óvissa með skólann, hvort hægt væri að reka hann áfram og ég vildi ekki búa við þessa óvissu. Svo við enduðum á suðurlandinu í stærra sveitarfélagi. Það merkilega er þó að ég finn meira til einangrunar hér heldur en í Árneshreppi, svo það urðu heilmikil viðbrögð að flytja hingað. Meiri heldur en að flytja úr Reykjavík norður á Strandir. Þar var auðveldara að kynnast íbúum og verða hluti af samfélagi þeirra og við fundum lítið fyrir einangruninni við að búa þarna á hjara veraldar.

*Hvers saknið þið mest úr borginni?*

Það sem ég sakna mest við að búa í Reykjavík, er möguleikinn á að geta keypt skyndimat. Stundum nenni ég ekki að elda kvöldmat og þá væri ansi ljúft að geta bara pantað mat. Annars er ekki margt sem ég sakna við Reykjavík.

Það skil ég vel, viss lúxus sem við borgarbörnin gleymum oft að sé ekki sjálfsagður hlutur.

*Ert þú að kenna nemendum þínum táknmál Selma?*

Já, það hef ég verið að gera. Fyrsta árið mitt sem umsjónarkennari tók ég frá eina kennslustund á viku þar sem ég kenndi nemendum mínum táknmál. Skólinn er líka með uppbrotskennslu einu sinni í viku, sem skipt er upp í nokkurra vikna lotur. Ég kenni þá öllum börnunum í skólanum táknmál einu sinni í viku á vorin.

*Þú fékkst kuðungsgræðslu (CI) nýlega, hefur það breytt miklu í táknmálkennslunni?*

Það var í upphafi árs 2019 sem mér bauðst kuðungsgræðsluáðgerð (CI) sem ég þáði. Fór ég í áðgerð í byrjun mars og fékk hljóð 1. apríl. Ég var komin í veikindaleyfi til sumars vegna áðgerðarinnar en fékk í gegn að kenna börnunum táknmál um vorið. Ég sagði bara að ég þyrfti ekki að heyra til að kenna táknmál og mig langaði alls ekki að sleppa því. Veturinn eftir vann

ég 50% á móti sjúkraleifyfi því ég treysti mér ekki að vinna meira vegna þreytu og álags. Núna hef ég fengið 70% sérkennslu-stöðu sem er sérsniðin að mér og mínum þörfum.



*Það tekur sinn tíma að jafna sig eftir kuðungsígræðslu.*

### **Myndir þú mæla með kuðungsígræðslu?**

Hafa lífsgæði þín aukist eftir ígræðsluna? Ég sjálf sé ekki eftir að hafa farið í kuðungsígræðslu og myndi mæla með henni, en samt ekki fyrir hvern sem er. Það þarf að taka ákvörðun að vel ígrunduðu máli og fyrstu árin eru erfið. Ég er búin með 19 mánuði sem hafa verið erfiðir en mér finnst það vel þess virði. Ég er ennþá heyrnarlaus og fæ ekki fullkomna heyrn með CI, svo í mínum huga fékk ég bara öflugra heyrnartæki en ég hef verið með. Ég heyrir lengra frá mér en nokkru sinni fyrr og get núna í fyrsta sinn á ævinni hlustað á hljóðbækur. Ég á samt í vanda með samskipti við aðra og það breytist ekki neitt við aðgerð.

### **Hefur COVID ástandið bitnað mikið á kennslu og lífi ykkar í sveitinni?**

Samkomubannið síðasta vor var mjög skrítið og krefjandi tímabil fyrir okkur, eins og fyrir alla aðra. Allt í einu þurftum við að færa kennslu yfir á netið og læra á nýja tækni. Börnin kunnu ekki á þessa tækni svo við þurftum að kenna þeim jafnóðum og við lærðum sjálf. Vera einu skrefi á undan þeim. Fyrir páska mætti starfsfólkið alla daga, en nemendum var skipt upp í tvo hópa sem skiptust á að mæta í skólann. Þessir tveir hópar máttu ekki hitta aðra utan síns hóps, líka utan skóla, svo þau voru mörg sem hittu ekki vini sína í marga vikur. Sum mættu ekki í skólann því þau bjuggu í sama húsi og afar þeirra og ömmur, sem máttu ekki smitast. Svo eftir páskafríið var starfsfólkinu líka skipt upp, svo allt í einu var ég heima 2-3 daga í viku og hitti bara helming skólans. Mér finnst



*Ferfætti fjölskyldumeðlimurinn Gola í góðu yfirlæti.*

samt við hafa sloppið vel miðað við marga skóla í Reykjavík, þar sem krakkarnir mættu enn minna í skólann og meira álag var á kennurum og foreldrum barnanna.

### **Tæknin hefur komið sterk inni kennslu á þessum COVID tímum. Hefur þú fundið kosti þess að nýta hana?**

Já, sem dæmi þá fyrir COVID hafði ég skráð mig á námskeið í Noregi, fyrir fólk með CI. Námskeiðið var kennt í tveim lotum og fór ég út til Noregs í febrúar í fyrri lotu, og átti að fara aftur út í apríl. En þá kom COVID og námskeiðið var fært yfir á Zoom á netinu. Ég þurfti því bara tölvu og næði til að vera á námskeiðinu. Námskeiðið var þannig sett upp að námskeiðshaldarinn var alltaf í mynd og texti birtist hjá honum. Svo þegar aðrir fengu orðið, þá var það líka textað. Mér fannst þetta æði. Svo þegar ég mætti aftur í vinnuna eftir sumarfrí þá hafa verið fundir og námskeið í gegnum fjarfundabúnað í mynd, og ég komst að því að þetta átti vel við mig. Ég gat núna setið fyrir framan tölvu í öðru herbergi, með hljóðið beintengt við CI-tækið mitt og þá varð ekki eins þreytandi fyrir mig að hlusta á fundarefnið. Ég spurði skólalastjórann hvort það væri ekki hægt að hafa starfsmannafundina í video því það myndi auðvelda mér svo mikið við að fylgjast með. Það var að vísu sett fram í gríni, en myndi verða æðislegt.

### **Hvað hefur eiginmaður þinn hann Björn verið að gera þegar þú sinnir kennslu?**

Bjössu minn fékk vinnu sem matráður í Finnbogastaðaskóla þegar við fluttum þangað. Núna vinnur hann í áhaldahúsi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, og sér meðal annars um allt viðhald í skólanum. Ég fæ því stundum að sjá kallinn minn í vinnunni og finnst það notalegt, næstum eins og þegar hann var matráðurinn minn fyrir norðan. Bjössu er mjög handlaginn og úrræðagóður og því hafa sveitungar tekið eftir. Það er víst þess vegna sem hann er kominn í þessa stöðu sem hann er í dag.

Við eigum núna hund og kött. Það hefur verið líflegt hjá okkur því tíkin hefur gotið tvisvar sinnum á innan við tveimur árum og við erum orðin mjög reynd í hvolpauppeldi. Draumurinn er svo að eignast hænur, hesta og geit.

### **Hver eru þín aðaláhugamál fyrir utan dýrahaldi?**

Ljósmyndun er annað áhugamál. Ég segi sögu með myndunum mínum. Þegar ég bjó í Árneshreppi þá skrifaði ég mikið um upplifun mína þarna, það sem mér fannst merkilegt og bætti við myndum. Þetta vakti athygli og ég varð vör við að fleira fólk fylgdist með mér og kommentaði. Náttúran á Ströndum er líka kyngimögnuð og allt öðruvísi heldur en fólk hefur vanist í stærri samfélögum. Svo hef ég líka alltaf verið



mikið vatnadýr og mig hefur lengi dreynt um að eignast kajak, en aldrei látið verða af því. Það var svo síðasta sumar sem ég prófaði Sit On Top kajak og þá varð ekki aftur snúið. Fjölskyldusportið er fundið.

*Segðu mér Selma, þú berð ættarnafnið Kaldalón. Ertu ættuð frá þeim fagra stað í Ísafjarðardjúpi? Ertu kannski skyld tónskáldinu Sigvalda Kaldalóns?*

Tónskáldið Sigvaldi Kaldalóns var langafi minn. Eina sem við eigum sameiginlegt er góðmennskan og ættarnafnið, því tónlistarhæfileikinn hefur hoppað yfir mig. Langafi minn var læknir og hann bjó í mörg ár í Ármúla við Ísafjarðardjúp. Þangað er ekki langt að fara að Kaldalóni. Honum þótti gott að ganga þangað frá Ármúla og stoppaði oft á Seleyri til að sækja sér innblástur fyrir tónverkin sín. Náttúran í Kaldalóni hefur haft mikið áhrif á hann, svo mikið að hann ákvað að ættarnafn sitt skyldi verða Kaldalóns. Árið 1999 var settur upp minningarsteinn um Sigvalda Kaldalóns á Seleyri og síðan þá hafa fulltrúar afkomenda hans farið þangað í vinnuferð annað hvert ár til að hreinsa til í kringum steininn og mála bekk og girðingu. Svo var það fyrir nokkrum árum síðan að við systur og foreldrar okkar ákváðum að fara þangað í fjölskylduútilegu saman með maka og börnum okkar þessa vinnuhelgi annað hvert ár. Þetta hefur styrkt fjölskylduböndin okkar og börnin læra um tónskáldið, sem steinninn er um.



*Við Kaldalón stendur minnisvarði um afa hennar Selmu, Sigvalda tónskáld.*

Við þökkum Selmu fyrir spjallið og óskum henni alls hins besta í leik og starfi. Við hvetjum félagsmenn sem leggja land undir fót til að skoða Kaldalón og minningarsteininn um tónskáldið. Enn einn staður til að heimsækja þegar COVID-tímabilinu loksins lýkur.



## Tilkynninga- og fréttahornið

Norrænt barnamót verður haldið í Skælskør í Danmörku dagana 25. - 31. júlí 2021. Flogið er til Kastrup í Kaupmannahöfn og þaðan haldið áleiðis að mótstað. Á svæðinu er frábær náttúra umkringd skógi og strönd og ýmis afþreying er á svæðinu.

Mótið er fyrir börn á aldrinum 7 - 12 ára sem hafa táknið að móðurmáli og eru börn döff foreldra (CODA) líka velkomin. Pláss er fyrir 10 börn frá Íslandi og 2 leiðbeinendur. Nánari upplýsingar eru væntanlegar í mars.

Ráðgert er að halda döfsmót eins og undanfarin ár. Dagsetning og staðsetning verður auglýst síðar. Við hvetjum fólk til að fylgjast með fréttum á heimasíðu félagsins deaf.is

# Nemendur í táknmálsfræði HÍ skrifa: Könnun á munnhreyfingum í ÍTM

— Höfundur: Rannveig Sverrisdóttir lektor í táknmálsfræði —



**Rannveig Sverrisdóttir lektor í táknmálsfræði:**

Sú hefð hefur skapast undanfarin ár að Döffblaðið fjalli um það sem nemendur í táknmálsfræði og –túlkun við Háskóla Íslands fást við. Með þessu getum við upplýst táknmálssamfélagið um viðfangsefni fræðanna en það er okkur í HÍ mjög mikilvægt að vera í góðum tengslum við samfélag íslenska táknmálsins. Með pistlaskrifum eins og þessum fá nemendur líka að spreyta sig á nýjum vettvangi og kljást við það að segja frá verkefnum sínum á opinberum vettvangi.

## Munnhreyfingar í ÍTM

Umfjöllunarefni pistlanna í þessu hefti eru munnhreyfingar en á öðru námsári taka nemendur námskeið sem undirrituð kennir og fjallar um látbrigði í táknmálum. En hvað eru látbrigði eiginlega? Látbrigði er íslenskt hugtak yfir það sem á ensku heitir „nonmanuals“ en eins og allir sem tala táknmál vita þá er stór hluti málsins falinn í því að nota andlit, höfuð og líkama – en ekki bara hendur. Það skiptir t.d. máli hvort augabrúnir eru uppi eða ekki ef spyrja á spurninga og augnsamband er mikilvægt í samtali. Eitt af því sem nemendur hafa verið að fjalla um nú í haust eru munnhreyfingar og hafa þeir valið sér ritgerðar efni af ólíkum toga til að skoða þær betur og fjalla pistlarnir hér á eftir um það. Þeir sem byrja að læra táknmál eiga oft erfitt með að fjarlægja íslenskuna „af vörnum“. Fljótt lærist þó að hreyfingar varanna eru ekki íslenska heldur hluti af

táknmálinu. Málfræðingar hafa skoðað munnhreyfingar í táknmálum í áratugi og oftast er þeim skipt í tvo flokka. Annars vegar eru það sem við hér á landi köllum raddmálsmunnhreyfingar en þær munnhreyfingar líkjast því að borið sé fram íslenskt orð. Þessar munnhreyfingar eru oft með nafnorðum eins og mamma, pabbi, bíll, hús og svo framvegis. Hins vegar eru það sem við köllum táknmálsmunnhreyfingar en þær eiga engin tengls við íslensku. Þetta eru munnhreyfingar eins og að setja loft í kinn (aðra eða báðar) sem sést í táknunum eiga eða feitur, að setja stút á varir eins og stundum er með sögninni keyra og svona mætti lengi telja. Rannsóknir hafa sýnt okkur hvert hlutverk þessara munnhreyfinga er, oft eru þær eins konar viðbót við merkingu, lýsingarorð eða atviksorð, stundum eru þær það sem kallað er „bergmál“ af hreyfingum handa, eins og í tákninu geta-ekki/obbi þar sem munnurinn lokast á sama tíma og hendurnar og svo sýna munnhreyfingar stundum einfaldlega einhverja athöfn, eins og í bíta.

Eins og pistlar nemenda sýna þá eru umfjöllunarefni um munnhreyfingar mörg og spennandi. Í pistlunum er t.d. fjallað um áhrif íslenskrar málfræði á munnhreyfingar, um það hvort formllegt eða óformlegt málsnið hafi áhrif á munnhreyfingar, bergmálsmunnhreyfingar eru skoðaðar og rætt um það hvernig táknmálsmunnhreyfingar bæta við merkingu táknanna – svo eitthvað sé nefnt.

## Orðskýringar:

- ÍTM: Íslenskt táknmál
- Látbrigði (nonmanuals): Hreyfingar augna, augabrúna, munns, höfuðs og líkama í táknmáli.
- Munnhreyfingar (mouth actions): Hreyfingar munns sem fylgja táknnum, venjulega skráðar í oddklofa í umfjöllun í rituðum texta <tákn>.
- Raddmálsmunnhreyfingar (mouthings):

Munnhreyfingar sem leiddar eru af íslensku orði, t.d. <mamma> með tákninu mamma. Oft er notuð styttingin RMM.

- Táknmálsmunnhreyfingar (mouth gesture): Munnhreyfingar sem eiga ekkert skylt við íslensku, t.d. <loft í aðra kinn> með tákninu eiga. Oft er notuð styttingin TMM.
- Venja er að skrá tákn með hástöfum, tákn, til að aðgreina þau frá íslenskum orðum.



**Bryn Noël Francis**

## Bryn Noël Francis:

Uppáhaldstáknmálsmunnhreyfingar (TMM) mínar eru <loft í kinn> og <blástur>. Ég vildi kanna hvernig <loft í kinn>/<blástur> virka, af hverju þær eru notaðar og hvaða merkingu þær bera. Ákveðið var að skoða þessar TMM í döff táknnum. Leitað var á vefsíðu SignWiki og voru 11 af 65 döff táknnum með <loft í kinn>/<blástur>. Kenning mín er sú að blástur fylgi þreytu og einhverju erfiðu, að vera hissa eða að vera í uppnámi, leti og öðru slíku, og að lofti fylgi tíma eða endurtekningu.



Markmiðið var að flokka þessar TMM, en eftir fyrstu spurningu spruttu upp enn fleiri spurningar sem ekki var hægt að svara, allavega í bili. Það væri áhugavert að rannsaka TMM nánar. Þá væri hægt að fá fleiri myndbandsupptökur og fá málfaha með ólíkan bakgrunn til þess að taka þátt.

Látbrigði sýna ekki bara hátt og atburði heldur einnig tilfinningar sem fylgja táknum og gefa merkingu. Án þess myndu tákna hafa minni eða færri merkingar og væru einlitað. TMM lýsa mörgum lögum af tilfinningum og er eins og olíuverk, litir blandast saman og verða djúpir og ljóðrænir. Þeir hafa mörg afbrigði, eru lög eftir lög af málningu, litum, áferð og þennslaförum.

### Christine Heirbaut:

Þegar við lærum táknmál, lærum við fyrst að greina þær munnhreyfingar sem eru fengnar að láni frá raddmáli og þær sem eru það ekki. Í ritgerð minni einbeitti ég mér aðallega að munnhreyfingum sem spegla hendur, svokallaðar bergmáls-munnhreyfingar (echo phonological). Ég rannsakaði fjögur mismunandi tákni í ÍTM: geta-ekki, morgunn, faraldur og drekka-í-sig. Bergmálsmunnhreyfingar fylgja þremur viðmiðum: Munnhreyfingarnar fylgja höndunum, sem þýðir að þegar hendurnar eru opnar/lokaðar ætti munnurinn líka að vera opinn/lokaður; munnhreyfingarnar eru ekki orð, sem þýðir að ekki er hægt að skrifa þær sem texta, eins og útblástur, titring á tungunni, innöndun eða útöndun; og síðasta viðmiðið er að hreyfingar beggja (munns og handa) eiga að vera vel mótaðar og samtímis svo að hvorug hreyfingin missi merkingu sína. Ég skoðaði síðan í sömu táknum, hvaða mismunandi þættir voru til staðar í bergmálsmunnhreyfingunum. Þeir voru: Samhljóð eins og /opp/ í geta-ekki, sérhljóð og önglhjóð eins og /hhipp/ í drekka-í-sig og öndunarmynstur (inn- eða útöndun). En þar sem aðeins fá dæmi hafa verið rædd, var ekki hægt að skilgreina skýrt mynstur, gera þarf frekari rannsókn til að komast að betri niðurstöðu.

### Íris Árnadóttir:

Í rannsóknunum á munnhreyfingum er oft rýnt í samband munnhreyfinga við mál þeirra heyrandi sem umkringja táknaðs-samfélagið. Fræðimenn úti í heimi eru búnir að koma sér saman um að raddmáls-munnhreyfingar fylgi því sem kallað er



Íris Árnadóttir

frosna orðasafnið sem inniheldur til dæmis nafnorð og einföld sagnorð en að tákna-málsmunnhreyfingar fylgi hinu svokallaða frjóða orðasafni sem inniheldur til dæmis flókin sagnorð og próform. Mig langaði að athuga hvort sú flokkun stæðist og rannsakaði tvö Eurovision-lög sem voru þýdd úr íslensku yfir á íslenskt tákna-mál og ég kannaði vel við, en þau eru „Enga Fordóma“ og „Hatrið Mun Sigrá“. Ég valdi sönglög af því ég þekkti þau vel en einnig af því að ég elska tónlist, enda er nafna-táknið mitt syngja. Ég komst að því að í flestum tilvikum flokkuðust munnhreyf-ingarnar samkvæmt þessum kenningum, en með nokkrum undantekningum. Þær undantekningar urðu þegar munnhreyf-ingar voru undir áhrifum frá upprunalega íslenska lagatextanum. Það verður athyglisvert að sjá hvernig lagabýðingar þróast í framtíðinni og ég hefði áhuga á að kanna fleiri hliðar tákna-máls söngs.

### Kristín Pálsdóttir:

Í rannsókn minni um raddmálsmunnhreyf-ingar (RMM) voru bornar saman þrjár sögur á ÍTM með einum tákna-máli; ein ævisaga, ein reynslusaga (brandari) og loks ein þjóðsaga þýdd af íslensku yfir á ÍTM. RMM eru munnhreyfingar, orð úr tungumáli sem er borið fram um leið og tákni er myndað. Mismunandi er hvort allt orðið er sagt á raddmáli eða bara hluti þess. Sögurnar voru bornar saman þar sem leitast var við að svara hvort fram kæmi sýnilegur munur á notkun RMM í nafnorðum og sagnorðum milli þessara ólíku frásagnaforma. Síðan voru niðurstöður bornar saman við niðurstöður nokkurra erlendra rannsókna úr breska (BSL), indópakistanska (IPSL), hollenska (NGT), sænska (SSL) og bandaríska (ASL) tákna-málinu. Helstu niðurstöður mínar voru þær að þegar tákna-máli sagði formlega frá komu fram fleiri RMM eins og í ævisögunni, en fjöldi RMM minnkaði eftir því sem frásögn-

in var óhefðbundnari og frjálssari eins og í reynslusögunni (brandaranum) og þjóðsögunni. Það var ánægjulegt að sjá að niðurstöðurnar voru í samræmi við þær erlendu rannsóknir sem skoðaðar voru, en áhugavert væri að skoða fleiri sögur og lengri.



Lilja Íris Long-Friðjónsdóttir

### Lilja Íris Long-Friðjónsdóttir:

Inni á signwiki.is er hægt að finna tvær frásagnir af íslensku þjóðsögunni Gilitrutt, báðar fluttar á ÍTM. Ein af þessum útgáfum er flutt af strák á grunnskólaaldri sem hluti af menningardagskránni Dagur íslenska tákna-málsins árið 2015. Eftir að ég horfði á þessa frásögn tók ég eftir miklum mun á munnhreyfingum stráksins og því sem ég lærði í mínu námi. Ég ákvað því að skoða betur og rannsaka í minni ritgerð nákvæmlega hvaða munnhreyfingar eru notaðar í frásögn hans og flokka munnhreyfingarnar eftir kerfi sem hannað var fyrir ástralska tákna-málið, Auslan, árið 2016. Einnig skoðaði ég hversu stórt hlutfall munnhreyf-inganna eru raddmáls- (RMM) eða tákna-málsmunnhreyfingar (TMM) og kannaði hvort munnhreyfingar í frásögn-inni fylgja þeim tilhneigingum sem almennt eru í tákna-málum. Aðeins var ein munnhreyfing sem ég náði ekki að skrá með Auslan kerfinu vegna þess að hún uppfyllir ekki staðalímyndina en að öðru leyti samræmdust munnhreyfingar í frásögninni almennum tilhneigingum. Ég komst að þeirri niðurstöðu að þessi eina munnhreyf-ing hefði verið valin til að passa við tjáningu hans á hlutverkinu Gilitrutt.

### Sesselja Hansen Daðadóttir:

Tákna-málsmunnhreyfingar (TMM) og raddmálsmunnhreyfingar (RMM) eru mjög ólíkar. Markmiðið með ritgerðinni minni var að komast að því hvort það væri tilviljana-kennt eða ekki að TMM og RMM fylgja þeim táknum sem þær gera. Í ritgerðinni fjallaði ég um kenningar úr greinum nokkurra fræðimanna. Ég bar saman



Sesselja Hansen Daðadóttir

Þeirra kenningar á þeim táknmálum sem fjallað var um við munnhreyfingar úr ÍTM. Ég komst að því að TMM lýsa oft táknum á þann hátt sem RMM gera ekki. TMM geta virkað sem merkingarviðbót tákna, einnig ef skipt er um TMM, breytist merking táknsins. Merkingarviðbót getur tjáð sjónræna eða áþreifanlega eiginleika hluta eða aðgerða í raunveruleikanum. Táknin áhugi og della (sjá á SignWiki.is) fannst mér sérstaklega athyglisverð þar sem fyrri táknið hefur RMM <áhugi> og seinna táknið TMM <þpp>. Möguleg ástæða fyrir hvers vegna munnhreyfingarnar birtast svona er sú að orðið della ber meiri ákafa en orðið áhugi og hefur þess vegna TMM. Sama væri hægt að segja um táknið góður og mjög-góður, þar sem seinna táknið hefur TMM, en hitt ekki. TMM fylgja oft táknum sem stigbreyttast, sagnorðum og lýsingarorðum en RMM frekar nafnorðum. Niðurstaðan mín var sú að það er ekki tilviljanakennt hvernig og hvort munnhreyfingar fylgja táknum, heldur hafa þær tilgang og geta gefið táknum frekari merkingu.

#### Steina Rún Daniélsdóttir:

Ég ákvað að skoða hvort umritunarkerfi búið til fyrir sænska táknmálið væri nothæft fyrir ÍTM. Rannsóknin var áhuga-verð en leiddi í ljós fleiri galla en ég bjóst við. Í upphafi voru væntingar mínar þær að kerfið væri mun nær því að virka fyrir ÍTM en raun bar vitni. Helstu vandamál sem komu upp voru að ekki reyndist auðvelt að flokka munnhreyfingar ÍTM inn í flokka sænska kerfisins. Flokkarnir voru ekki nægilega margir og ekki nægilega aðgreinandi. Þessi rannsókn er þó ekki



Steina Rún Daniélsdóttir

nægilega stór til að gera fulla grein fyrir hvað þarf í skrásetningarkerfi fyrir munnhreyfingar í ÍTM. Stærri og fleiri tegundir texta þarf að rannsaka. Ljóst er að fyrstu niðurstöður benda til þess að best væri að búa til sérkerfi fyrir ÍTM og notast þá við önnur kerfi meðal annars sænska kerfið til þess að byggja þekkinguna á.



Stella Björt Jóhannesdóttir

#### Stella Björt Jóhannesdóttir:

Táknmálmunnhreyfingar (TMM) fylgja oftast ekki sagnorðum í ÍTM. Í ritgerðinni minni fjallaði ég um TMM <sjaa>, hvar hún birtist, með hvaða táknum hún fylgdi og hvaða merkingu hún beri með sér. Til þess að rannsaka TMM þá þurfti ég fyrst að leita að efni en ég nýtti mér SignWiki og skoðaði allar þær sögur sem ég komst í. Munnhreyfingin birtist aðallega í þjóðsögum og barnasögum og fylgdi oftast sögnum og próformasögnum. Ég komst að þeirri niðurstöðu að <sjaa> tengist alltaf ákafa og lýsir því þegar eitthvað er gert mikið, lengi, eða þegar mikið er í húfi. Hún fylgdi táknum eins og t.d. hissa þegar sögupersónan var mjög hissa, hrópa þegar sögupersónan hrópaði hátt, mikið eða lengi. Ég komst einnig að því að <sjaa> fylgir alltaf döff tákniinu ég-hefði-ekki-trúað-því en ég fann ekki fleiri dæmi þar sem munnhreyfingin var alltaf föst með

ákveðnu tákni. Þess vegna skilgreindi ég munnhreyfinguna sem valfrjálsa en að hún beri merkingu um ákafa og væri því merkingarbær.



Viktoría Rós Magnúsdóttir

#### Viktoría Rós Magnúsdóttir:

Raddmálmunnhreyfingar (RMM) eru leiddar af íslenskum orðum. Markmið ritgerðar minnar var að leita svara við því hvort íslensk málfræði hafi áhrif á RMM í ÍTM og hvort munnhreyfingar taki á sig beygingu í fleirtölu. Öllu jöfnu eru RMM í grunnmynd sem þýðir að þær sýna t.d. ekki fleirtölubeygingu íslensku orðanna þó táknið sem þær fylgja sé í fleirtölu - en ritgerðin mín sýnir að á því eru nokkrar undantekningar. Þetta virðist vera tilkomið vegna áhrifa frá íslenskunni. Mismunandi er á milli tákn mála hversu mikið ósamræmi er á RMM og hvaða málfræðireglum hvert og eitt tungumál fylgir. Til að kanna hvernig þetta er í ÍTM var gerð lítil rannsókn á fleirtölutáknum og RMM í íslenska táknmálinu. Skoðuð voru 30 tákni þar sem athugað var hvort munnhreyfingar breyttust við notkun fleirtölu tákna. Niðurstaðan var sú að ef tákni var í fleirtölu var algengast að því fylgdi táknmálmunnhreyfing (TMM). Þá var táknið myndað einu sinni með raddmálmunnhreyfingu í eintölu en táknið á eftir táknaði fleirtöluna og var hún með TMM. Táknin sem fengu fleirtölmunnhreyfingu við myndun tákns voru í minnihluta þ.e. aðeins 7 af þeim 30 táknum sem skoðuð voru. Dæmi um það er táknið kona og fylgdi RMM <konur> með því tákni. Annað dæmi er nemandi og fylgdi RMM <nemendur> með því tákni.





## ÁSGARÐSLAUG

Nýendurbætt sundlaug, 25 m útilaug  
samtengd við litla barnalaug.  
Gufubað, heitir pottar og kaldur pottur, líkamsrækt.  
Góð aðstaða fyrir fatlaða.

.....  
**Afgreiðslutími:**

Mánud - föstud kl. 06:30 – 22:00  
Laugard og sunnud kl. 08:00 – 18:00  
.....

**Íþróttamiðstöðin Ásgarður**

Sími: 550 2300  
gardabaer.is



# SUNDLAUGAR

FRÁBÆR AFÞREYING, FJÖR, LÍKAMSRÆKT OG SLÖKUN!



# GARÐABÆJAR



## ÁLFTANESLAUG

Eina öldulaug landsins og stærsta  
vatnsrennibrautin 10 m há og 80 m löng.  
Útilaugin er 25 m, innanhúslaug, heitir pottar,  
buslulaug, gufuböð og líkamsrækt.  
Góð aðstaða fyrir fatlaða.

.....  
**Afgreiðslutími:**

Mánud - föstud kl. 06:30 – 21:00  
Laugard og sunnud kl. 09:00 – 18:00  
.....

**Breiðumýri, Álftanes,**

Sími: 550 2350

## Blokkín á heimsenda

Á vordögum 2020 kom út bókinn Blokkín á heimsenda eftir þær Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur. Bók þessi fjallar um ævintýri stelpunnar Drafnar sem heimsækir ömmu sína í fyrsta sinn á afskekktu eyju þar sem allir búa saman í einni blokk og eru meðal annars táknmálsta-landi. Þessi barna- og unglingsbók hlaut mikið lof, enda frábær lesning fyrir alla aldurshópa og hlaut hún jafnframt Íslensku bókmenntaverðlaunin 2020 ásamt Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur 2020. Við hvetjum alla unnendur táknmáls og yndislestrar til að lesa þessa perlu enda boðskapur bókarinnar gott vegenesti út í lífið.



## Daníel Bjarmi

Daníel Bjarmi (5 ára) býr ásamt fjölskyldu sinni í Bolungarvík þar sem hann gengur í leikskólann Glæðheima. Foreldrar hans eru þau Kristín Guðný Sigurðardóttir og Guðmundur Hjalti Sigurðsson. Daníel er svo heppinn að hann á tvö eldri systkini sem hann leikur mikið við þau Ólöfu Maríu (15 ára) og Jóhann Inga (13 ára). Við spurðum Daníel nokkurra spurninga fyrir barnahornið.

**Hvað er skemmtilegast að gera á leikskólanum Daníel?**

Búa til batmanbúning.

**Þú ert duglegur að spila fótbolta, með hvaða liði heldur þú? Áttu uppáhaldsfótboltamann?**

Vestri (lið Bolungarvíkur) og uppáhaldsfótboltamaður er Jóhann Ingi.

**Hver er uppáhaldsbókin þín og af hverju?**

Hundabókin því það er gaman þegar hún er lesin fyrir mig.


**Áttu spjaldtölvu? Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í henni?**

Já, mér finnst skemmtilegast að spila golfleikinn.

**Hvað viltu verða þegar þú verður stór?**

Afi.

Það hljómar vel Daníel, það er sko örugglega gaman að verða afi! Þess má geta að Daníel finnst skemmtilegast að horfa á Trolls á youtube og er duglegur að spila skák við afa sinn en þeir eru hinir mestu mátar.



Daníel Bjarmi er duglegur að elda.

## Stefán Már Levý

Stefán Már Levý er nemi á táknmálssviði í Hlíðaskóla og er að klára 7. bekk í vor. Hann byrjar því í unglingsdeild næsta haust. Foreldrar hans eru þær Edda Stefania Levý og Helga María Stefánsdóttir og á hann tvíburabróður sem heitir Ástvaldur Þór Levý. Okkur hjá Döfðbláðinu langaði að kynna Stebba betur og spurðum hann nokkura spurninga.

**Hvaða áhugamál hefur þú?**

Ég spila badminton. Einnig finnst mér gott að slaka á og horfa á sjónvafið. Vonandi get ég svo prufað parkour fljótlega.

**Hvað var það skemmtilegasta sem þú gerðir á síðasta ári?**

Við fórum fjölskyldan hringferð um landið sem var mjög skemmtilegt. Við skoðuðum marga fallega staði eins og Siglufjörð, Akureyri og Seyðisfjörð. Á Seyðisfirði hittum við „stuðningsfjölskylduna“ mína þau Sindra og Siggú Völu. Ég hafði mjög gaman af því að skoða landið okkar en minna gaman af þessum löngu keyrslum milli staða.

**Þar er ég sammála þér Stebbi, það er þreytandi að sitja lengi í bíl. Hvað langar þig mest til að gera á þessu nýja ári?**

Mig langar mest til að eignast nýtt BMX hjól til að hjóla um á í sumar.

**Áttu þér einhverjar fyrirmyndir?**

Hmm, engar sérstakar. Ég vil vera mín eigin fyrirmynd.

**Það er ekki slæmt og kannski verður þú fyrirmynd annarra! Hvað viltu verða þegar þú verður stór Stebbi?**

Ég ætla verða slökkviliðsmaður.

Það er frábært framtíðarplan, þú yrðir góður slökkviliðsmaður! Við þökkum Stebba fyrir spjallið og þessar flottu myndir.



Stefán og fjölskylda við Jökulsárlón.



Stefán ásamt bræðrunum Hannesi Víði og Hákonni Viggó Sindrasonum í göngutúr.



# Verið velkomin í skýið hjá dk

## Eitt vinsælasta bókhalds- og sölukerfið

Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag. Það gerir dk að einu stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Lítil sem stór fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk og nýta sér þannig fjölbreytta þjónustu þess í hugbúnaðar- og hýsingarlausnum. Bókhaldskerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi, sölukerfi, sjálfsafgreiðsla, rafrænar lausnir ásamt tengingum við banka og opinbera aðila hérlendis. Hafið samband við okkur og fáiið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir ykkar fyrirtæki.



FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2020



dk hugbúnaður  
510 5800 | dk@dk.is | dk.is  
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri

# Döffmót 2020

Döffmótið var haldið á Kleppjárnsreykjum í yndislegu sumarveðri í byrjun júlí. Kleppjárnsreykir er byggðahverfi, læknis- og skólasetur skammt frá Reykholti í Borgarfirði.

Þar er gott tjaldsvæði og tekinn var frá hluti þess fyrir döffhópin. Margir döff gistu og nutu samverunnar saman yfir helgina. Myndir sem prýða blaðið eru frá Þórhalli Arnarsyni og Kareninu Kristínu Chiodo og þökkum við þeim kærlega fyrir og leyfum myndunum að tala sínu máli.











# Táknmálslundur

## Táknmálslundur vígður í Heiðmörk

— Höfundur: Þórður Örn Kristjánsson. Ljósmyndir: Ýmsar aðsendar myndir —

Á 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra (Fh) þann 11. febrúar 2020 gaf Samskiptamiðstöðin (SHH) félaginu 60 tré til gróðursetningar. Þegar SHH fagnaði 30 ára afmæli sínu 2021 endurgalt Fh gjöfina með 30 trjám.

Þann 25. september 2020 var farið í gróðursetningarferð í Heiðmörk en þar er trjálundur sem hefur hlotið nafnið „Táknmálslundurinn“ og er eign heyrnarlausra á Íslandi. Vonast er til að með tíð og tíma muni vaxa þar upp lítill skógur og hægt verði að leggja göngustíga um svæðið, byggja upp grillaðstöðu og huggulegt afdrep fyrir unnendur táknmáls til að njóta náttúrunnar. Þeir sem vilja planta sínum eigin trjám geta haft samband við SHH sem annast samskipti við skógræktarfélagið. Stefnt er að því að hafa árlegan gróðursetningardag á hverju vori þar sem trjám er plantað í lundinn og hann fegraður. Táknmálslundurinn er öllum opinn og hvetjum við félagsmenn til að fara og skoða svæðið.

Hægt er að slá lengdar- og breiddargráðurnar 64°03'07.6"N 21°48'37.5"W inn á Google maps og finna þannig bestu leiðina að lundinum. Einnig er hægt að skoða kort af Heiðmörk á vefslóðinni <http://heidmork.is/kort/kort-af-heidmork/> en auðvelt er að komast að lundinum bæði af Elliðavatnsvegi við Garðabæ og Þjóðvegi 1 við Rauðhóla.







# HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR